

HVALVEIÐAR BASKA

Baskar byrjuðu snemma að nýta sér afurðir hvala, elsta skráða heimildin er frá árinu 670. Megintilgangurinn með hvalveiðum var öflun lýsis úr spikinu sem var mikilvægur ljósgjafi. Á miðöldum var lýsið einnig notað í kerta- og sápu-gerð. Hvalveiðar virðast vera orðinn sjálfstæður atvinnuvegur í Baskalandi á 12.-13. öld. Baskar sóttust helst eftir að veiða sléttbak.

Eftir landafundi Ameríku barst til Evrópu vitneskja um gjöful fiskimið við Nýfundnaland. Á árunum 1530-1600 sendu Baskar þangað að jafnaði 15 hvalveiðiskip á ári. Helsta hvalveiðistöð Baska á þeim slóðum var Red Bay á suðurhluta Labrador. Undir lok 16. aldar dró úr sókn Baska þangað og er ástæðan helst talin vera fækkun í hvalastofninum, og stjórnmalaaðstæður í Evrópu. Við upphaf 17. aldar hófu Baskar og fleiri því að leita nýrra hvalaslóða sem leiddi þá m.a. til Svalbarða, Norður-Noregs og Íslands.

Þegar komið var á veiðislóð var fundið gott skipalægi, hláðinn þar bræðsluofn og reist skýli yfir. Í þeim tilgangi tóku Baskar með sér að heiman nagla, leir og tígulsteina.

Hvalveiðarnar sjálfar fóru fram á litlum fjölnota arabátum sem Baskar nefndu txalupa. Það voru sex manna för með skutlara og stýrimanni. Hvalurinn var flensaður eða skorinn ýmist við skipshlið eða í fjörunni. Skipin voru útbúin vindum og gálgum þannig að velta mátti hvalnum á ýmsa vegu og auðveldi skurðinn. Spikinu var flett af dýrinu, það flutt að ofninum og brætt í járn- eða koparpottum. Eldsneyti ofnanna var viðarkol, sprek og olíudreggjar sem flutu upp á yfirborðið við bræðsluna.

SAMSKIPTI BASKA OG ÍSLENDINGA

Baskar sáust hér fyrst við Ísland í upphafi 17. aldar. Þeir stunduðu hér hvalveiðar á árunum 1613-1615. Í Evrópu einkenndust þessir tímar af trúarbragðaátökum, erfða-stríðum, siglingum og sjóránum. Sjóræningjar sem oft störfuðu með skjalfestu leyfi sinnar krúnu, voru þekktir fyrir að þykjast vera aðrir en þeir voru og spilla fyrir samskiptum þjóða. Ástæða var til að óttast þá og það kom fyrir að hvalveiðimönnum var ruglað saman við sjóræningja.

Heimildir segja frá erjum milli Íslendinga og Baska og kvartað var undan „stráxsskap“ Baskanna. Íslendingum, sem voru upp til hópa bláfátækir og oft kúgaðir leiguliðar landeigenda, þótti Baskarnir full frjálsgir í fasi enda voru þeir samkvæmt lögum og samningi við eigin krúnu frjálsir menn og með forréttindi. Sagt er að einhverjir Íslendingar hafi stolið frá Böskum og síðan borið fyrir sig

tungumálaerfiðleika þegar að greiða átti úr slíkum málum. Heimildir segja að Baskarnir hafi boðið bændum að koma til hvalskurðar og taka eins mikið kjöt og þeir gátu borið en þeir vildu helst fá eitthvert smáræði fyrir, fremur en ekkert. Hvalveiðimennirnir sóttust eftir að kaupa kindur og nautgripi til matar en var stundum neitað um viðskipti. Þeir gripu þá stundum til þess að taka það sem þá vantaði.

Til eru í handriti basknesk-íslensk orðasöfn sem talið er að hafi verið tekin saman á Vestfjörðum á 17. öld. Tilefni orðasafnanna virðist hafa verið verslun.

SKIPBROT

Snemma sumars 1615 sáust mörg hvalveiðiskip við Hornstrandir, flest þeirra héldu í burtu en a.m.k. þrjú þeirra urðu eftir við veiðar. Þau skip fórust í ofsaveðri þann 21. september 1615 í Reykjarfirði á Ströndum. Skipstjórar þeirra hétu Pétur de Aguirre, Stefán de Tellaria og Marteinn de Villafraña. Hafið sem lónað hafði úti fyrir rak inn fjörðinn og braut skip þeirra Péturs og Stefáns. Skip Marteins rak upp í fjöru og brotnaði þar. Þrír skipverjar fórust en það tókst að bjarga einhverjum varningi. Nokkrir litlir hvalveiðibátar voru enn uppi á landi þegar skipin fórust og 82 eða 83 skipbrotsmenn lifðu af. Þegar veðrinu slotaði dreif að heimamenn, sumir höfðu samúð með skipbrotsmönnum og buðu nokkrum þeirra til dvalar, en aðrir óttuðust andstöðu yfirvalda vegna banns á samskiptum við útlendinga. Flestum bændum í sveitinni hefur eflaust óað við að taka við svo stórum hópi manna til framfærslu. Öðrum hefur ef til vill staðið stuggur af þeim.

SKÚTA Á DYNJANDA

Skipbrotsmönnum var sagt frá skútu sem Gunnsteinn bóndi á Dynjanda í Leirufirði átti. Strandamönnum virðist hafa verið kunnugt um stærð skútunnar, því Jón lærði segist hafa sagt þeim að á þessari skútu mundu þeir aldrei ná yfir hafið. En fleyði freistaði og fóru Baskarnir á átta hvalveiðibátum norður fyrir Horn og inn til Jökulfjarða. Þegar til Leiru-fjarðar kom vildi Gunnsteinn bóndi engin viðskipti hafa, fór af bænum og lét reka kykfé að heiman. 13 kýr sluppu frá honum og komu heim að fjósi. Baskarnir bundu þær á bás og biðu heimamanna. Gunnsteinn neitaði skipbrotsmönnum allra funda. Eftir tvær nætur bjuggust þeir til brottfarar og tóku með sér eina kvígu í nesti. Samkvæmt *Sannri frásögu* skiptust hér leiðir. Skipverjar af skipum Péturs og Stefáns, u.þ.b. 50 manns, héldu á tæplega haffærri skútu Gunnsteins í áttina að Patreksfirði með viðkomu í Önundarfirði, en Marteinn og skipverjar hans héldu inn á Ísafjarðardjúp á fjórum bátum þar sem þeir skiptu sér aftur í tvo hópa. Marteinn fór með 18 menn til Æðeyjar á tveim bátum en 14

manns fóru til Bolungarvíkur, á hinum bátunum tveim, þar sem þeir dvöldu eina nótt áður en þeir héldu áfram til Þingeyrar í Dýrafirði.

DÝRAFJARÐARSLAG

Ritheimildir á borð við Spænsku vísur nefna að þessi hópur 14 skipbrotsmanna hafi farið um með ránum. Þeir komu við hjá prestinum á Stað í Súgandafirði og „gripu þar margt“, þaðan geystust þeir áfram til Þingeyrar með sinni „hnuplan og griplum“. Á Þingeyri fóru þeir í danska verslunarhúsið og stálu þaðan salti og skreið en fáu öðru. Þeir bjuggu síðan um sig í sjóbúðinni Skaganausti á Fjallaskaga við mynni Dýrafjarðar norðanmegin. Dýrfirðingar þekktu eflaust ekki til þessara manna en óttuðust e.t.v. að hér væru sjóræningjar á ferð enda var mikið um þá í Norðurhöfum á þessum árum, til dæmis höfðu enskir sjóræningjar farið fram með ofbeldi og rán-um í Vestmannaeyjum árið 1614. Heimamenn brugðust því skjótt við og söfnuðu liði.

Þann 5. október 1615 fóru 30 manns að næturlagi og drápu alla Baskana nema ungling sem komst undan til þeirra skipbrotsmanna sem siglt höfðu skútunni til Önundarfjarðar.

Í Sannri frásögu segir að 5 menn hafi vakað yfir bátunum en hinir 9 verið sofandi inni í naustinu. Heimamenn umkringdu húsið og einum þeirra tókst að laumast að vaktmönnum og taka frá þeim vopn. Þegar hann reyndi í annað sinn urðu Baskar hans varir og særðu hann. Heimamenn komu til aðstoðar og voru „bátavaktarar saxaðir og sundraðir“. Síðan var farið gegn þeim sem í húsinu voru, þakið rofið og mennirnir drepnir. Að því loknu var herfang tekið, mennirnir afklæddir og lík-unum sökkt í sjóinn.

ARI MAGNÚSSON SAFNAR LIÐI

Árið 1615 var Kristján fjórði konungur yfir Íslandi. Hann fékk áhuga á hvalveiðum Dana við Norður-Noreg og Svalbarða. Fyrstu dönsku skipin fóru þangað til hvalveiða árið 1615. Dönsk herskip höfðu þá gert hvalveiðiskip Baska við Norður-Noreg upptæk og olli það málaferlum. Við siðaskiptin lagði krúnan undir sig jarðeignir klaustra og biskupa á Íslandi. Umsjón með jörðunum höfðu sýslumenn sem fengu hluta leigunnar að launum. Sýslumenn, lögmenn og biskupar sóttust eftir jarðakaupum og það var valdhöfum hagsmunamál að hafa aðgang að öruggu vinnuafli á jörðum sínum. Lög voru sett til að koma í veg fyrir samkeppni um vinnuaflið og landsmönnum bannað að ráða sig í vinnu til útlend-

inga. Konungsbréf barst til landsins í apríl 1615. Í því segir að landsmönnum sé bannað að eiga viðskipti eða samskipti við baskneska hvalveiðimenn og veiðar þeirra hér við land séu ólöglegar. Í bréfinu segir einnig að heimamenn megi taka skip Baskanna og drepa þá með þeim aðferðum sem þættu hentugastar. Ara Magnússyni sýslumanni Ísa-fjarðarsýslu og Strandarsýslu var falið að framfylgja því sem í bréfinu stóð í umbóði konungs.

Ari Magnússon hafði ástæðu til að óttast reiði og refsingu konungs því hann hafði í leyfisleysi gefið Böskum leyfi til hvalveiða og þegið greiðslu fyrir. Viðsnúningur varð í afstöðu hans og nú snérist hann gegn hvalveiðimönnum. Hann boðaði til dómþings í Súðavík, 8. október 1615 og ólíklegt er að honum hafi á þeim tíma borist fréttir af Dýrafjarðarslag. Tólf manna dómur dæmdi skipbrotsmennina 18 sem höfðu komið sér fyrir í Æðey réttðræpa óbótamenn. Við dóminn var stuðst við konungsbréfið frá 1615 og Þjófabálk Jónsbókar. Í dóminum voru talin upp neikvæð atriði samskipta Baska og Íslendinga undanfarin ár. Ari sendi út herkvaðningu og stefndi til sín liði til að leggja til atlögu gegn Böskunum í Æðey. Sektir lágu við ef þeir komu ekki. Um 50 manna lið var saman komið að Ögri þann 10. október.

MARTEINN DE VILAFRANCA ELTUR UPPI
Marteinn kom sér fyrir í Æðey með sína 18 menn. Þaðan stunduðu þeir veiðar. Ari frétti að Baskarnir hefðu veitt hval og að Marteinn og flestir mannanna væru að gera að honum á Sandeyri, utarlega á Snæfjallaströnd. Í Æðey voru aðeins 5 menn sem voru drepnir umsvifalaust af hópi 50 manna. Ari og lið hans hélt áfram til Sandeyrar sömu nótt. Þar hittu þeir fyrir Marteinn og menn hans. Bærinn var umkringdur og menn Ara skutu inn um dyr og glugga. Marteinn svaraði ekki skotunum en kallaði út og baðst griða enda hefði hann og hans menn ekkert gert á hlut Íslendinga. Ari veitti Marteini grið og bað hann að afhenda vopnin, sem hann gerði og kom sjálfur út á eftir. Ari missti nú stjórn á sínum mönnum því einn þeirra hjó til Marteins með öxi. Við höggjð brá Marteini, hann stókk upp og hljóp út í sjó og synti frá landi. Lið Ara hóf nú grjótkast að honum en Marteinn synti undan með söng. Þetta vakti bæði undrun og aðdáun Íslendinga. Þeir eltu hann á báti uns einum tókst að kasta grjóti í höfuð hans. Svo virðist sem Ari sýslumaður hafi ekkert gert til að stöðva griðrofin. Líki Marteins var síðan ýtt til lands þar sem því var misþyrmt. Síðan voru allir menn Marteins drepnir og líkunum sökkt í sjóinn. Vildu nú liðsmenn sýslumanns skipta herfanginu sem þeim var lofað en þá lýsti Ari því yfir að fjármunir Baskanna væru konungseign. Liðið fékk ekkert að launum nema blóðstokkin fót og að drekka vín Baskanna.

ENSKT SKIP TEKID Á PATREKSFIRÐI


Um 50 skipsbrotsmenn sigldu frá Dynjanda í Leirufirði áleiðis til Patreksfjarðar. Á Vatneyri í Patreksfirði bjuggu þeir um sig í verslunarhúsum sem stóðu annars auð yfir vetrinn. Þaðan réru þeir til fiskveiða og fóru um sveitir í leit að mat. Þetta var harður vetur og erfitt um aðdrætti. Þeir virðast hafa hrætt fólk þótt þeir sýndu ekki alltaf yfirgang. Heimildir segja að Baskarnir hafi verið kurteisir í framkomu í fyrstu. Eftir áramótin 1616 boðaði Ari Magnússon til þings að Mýrum í Dýrafirði. Líkt og í Súðavík lét hann þann dóm út ganga að skipbrotsmennirnir skyldu réttðræpir. Veður og ófærð komu í veg fyrir að Ari kæmist til Patreksfjarðar með her sinn. Baskarnir þraukuðu út veturinn og þegar sást til komu erlends fiskiskips, mönnuðu þeir báta sína og hertóku skipið. Síðan lögðu þeir á hafið en um afdrif þeirra er ekki vitað.

Eini hérlandi maðurinn sem mótmælti framgöngu Ara sýslumanns, var bóndinn Jón Guðmundsson lærði sem skrifaði fáeinum mánuðum eftir atburðina Sanna frásögu af spanskra manna skipbrotum og slagi, eftir frásögn sjónarvotta og er rit hans meginheimildin um þessa atburði.

Íslendingar óttuðust hefndaraðgerðir af hálfu Baska en til þeirra kom aldrei. Heimildir um viðbrögð Spánarkonungs eru ekki þekktar. Ef til vill eiga eftir að koma fram í dag-sljósið heimildir á Spáni frá spænsku krúnunni, skipa-eigendafélögum, útgerðaraðilum eða tryggingarfélögum sem varpa ljósi á afdrif og eftirmál basknesku skipbrotsmannanna.


Texti: Sigrún Antonsdóttir. Teikningar: Guillermo Zubiaga. Hönnun: Úlfur Kolka. Umsjón: Ólafur J. Engilbertsson, Már Jónsson. Ráðgjöf: Magnús Rafnsson, Tapio Koivukari.

Baskavínafélagið á Íslandi þakkar eftirtöldum:



Sögumblun ehf. | www.sogumblun.is

BASKAVÍNAFÉLAGIÐ
Á ÍSLANDI
Euskal-Islandiar Adiskidetzta
www.baskavinir.is
www.1615.info



LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS
HÁSKÓLABÓKASAFN